

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Ásahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Ásahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Hestheimar, L212134, ný gestahús.*

Breytingin felur í sér að byggingarreitur Þ2 er stækkaður og er heimilað að bæta við tveimur allt að 40 m<sup>2</sup> gestahúsum. Mænishæð gestahúsanna má vera allt að 6 m miðað við hæð jarðvegs umhverfis húsin.

Samþykkt af hreppsnefnd þann 18. apríl 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 17. maí 2018.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

**Berglind Sigurðardóttir.**